

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2016

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, þskj. 284 – 259. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum.

BSRB styður framgang þessa máls en bandalagið hefur um árabil krafist styttingu vinnuvikunnar. Í stefnu bandalagsins um jafnréttismál sem samþykkt var á 44. þingi BSRB í október 2015 er fjallað um fjölskylduvænt samfélag. Þar segir að stytting vinnuvikunnar úr 40 stundum í 36 og stytting vinnutíma vaktavinnufólks séu grundvallarkröfur BSRB og mikilvægur liður í því að búa til fjölskylduvænna samfélag sem grundvallast á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Styttri vinnuvika leiðir til betri starfsánægju og aukinna afkasta, bættrar heilsu, meiri vellíðunar og stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna inni á heimilum.

BSRB telur mikilvægt að skoða fjölbreyttar lausnir varðandi sveigjanlegan vinnutíma. Sveigjanlegur vinnutími leikur að mati BSRB lykilhlutverk við að byggja upp fjölskylduvænt samfélag. Þá segir í ályktun 44. þings BSRB um fjölskylduvænna samfélag að bandalagið krefjist þess að unnið verði markvisst að því að vinnuvika verði stytt í 36 stundir og vinnutími vaktavinnufólks verði jafnframt stytur sérstaklega. Þá er í ályktuninni fagnað framtaki Reykjavíkurborgar og ríkisstjórnar Íslands um samstarf við bandalagið með tilraunaverkefnum um styttingu vinnuvikunnar og aðrir atvinnurekendur hvattir til að taka framtakið sér til fyrirmyndar.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri